



Reykjavík, 26. september 2024
USK24070247

Eirhöfði 7 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. ágúst 2024 var lögð fram fyrirspurn Framkvæmdafélagsins Arnarhvals ehf., dags. 23. júlí 2024, um að setja niður djúpgáma á lóð nr. 7 við Eirhöfða, samkvæmt uppdr. Arkís dags. 5. janúar 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag (Staðsetning djúpgámalóða leiðbeinandi)

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040). Samkvæmt aðalskipulaginu er reiturinn sem um ræðir í skilgreindri íbúðarbyggð *ÍB61 – Elliðaárvogur*.

Deiliskipulag/HverfisSKIPulag: Í gildi er deiliskipulag *Elliðaárvogs/Ártúnshöfða – svæði 1*, samþ. 21.12.2021. Í deiliskipulaginu er reiturinn skilgreindur sem Reitur 1.

Með deiliskipulagi Elliðaárvogs/Ártúnshöfða fylgir *Hönnunarhandbók* sem er leiðbeinandi rit um hönnun almenningsrýma og inngarða borgarhlutans, samþ. 21.12.2021.

Umsögn

Óskað er eftir samþykki skipulagsfulltrúa á tegund djúpgáma fyrir Eirhöfða 7. Skipulagsfulltrúi vísaði erindinu til skrifstofu umhverfisgæða sem hefur verið í samskiptum við lóðarhafa og farið yfir erindið. Með vísan til þeirra samskipta, og samþykkis skrifstofu umhverfisgæða, gerir skipulagsfulltrúi ekki athugasemdir við þá tegund djúpgáma sem fyrirspurnin varðar. Um er að ræða tvær eins djúpgámastöðvar fyrir samtals 96 íbúðir. Skv. framangreindum samskiptum verða flokkar eftirfarandi:



Reykjavík



5m³ fyrir almennt sorp, 5m³ fyrir plast, 4m³ fyrir pappír, 3m³ fyrir lífrænt og 4m³ óráðstafað.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri

